

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Mosfellsbæ.

*Teigahverfi - Tröllateigur 30-34 og Aspartaugur 3-6.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi lóðanna Tröllateigs 30-34 og Aspartaugis 3-6, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin felst í því að lóð fyrir Tröllateig er stækkuð um lóð sem fyrirhugað var að reisa spennistöð á. Jafnframt er íbúðum í húsinu fjölgað um tvær. Byggingarreitur vegna útbyggingar á Tröllateig er stækkaður og honum breytt. Byggingarreitur Aspartaugis er stækkaður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Þjónustusvæði við Baugshlíð.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis við Baugshlíð, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. júní 2004.

Breytingin er fólgin í að tveim þjónustulóðum er breytt í stofnanalóð fyrir íþróttamiðstöð. Á lóðinni má reisa tveggja hæða hús og er leyfilegt nýtingarhlutfall hennar 0,55. Núverandi Lækjarhlíð er færð til suðvesturs. Bílastæðum við leikskólann Hulduberg er fjölgað. Samkvæmt tillögunni mun koma hringtorg á gatnamót Baugshlíðar og nýrrar Lækjahlíðar. Tekið er frá land fyrir mislæga gönguþverun.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu hennar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*Mosfellsbæ, 22. júlí 2004.*

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.